

**BHM-1 Sviðsstjóri 2 – velferð/menntamál (838 stig)**

**Stéttarfélag lögfræðinga, Þroskaþjálfafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður sé með meistaragráðu á háskólastigi auk verulega umfangsmikillar reynslu af stjórnun og rekstri og/eða viðbótarnáms í stjórnun og rekstri. Starfið felur í sér yfirumsjón með sviði og yfirgripsmikla ábyrgð á fjármunum, mikil mannaforráð og yfirábyrgð á skipulagningu og stefnumótun umfangsmikillar velferðarþjónustu sveitarfélags.

**BHM-5 Félagsmálastjóri (829 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands og Fræðagarður**

Gerð er krafa um að starfsmaður sé með meistaragráðu á háskólastigi auk verulega umfangsmikillar reynslu af stjórnun og rekstri. Starfið felur í sér faglega og rekstrarlega ábyrgð á félagsþjónustu sveitarfélags. Starfsmaður hefur yfirumsjón með málaflöknum og felur það í sér mikil bein áhrif á velferð einstaklinga og/eða hópa auk mannaforráða og ábyrgðar á fjármunum. Starfsmaður ber ábyrgð á stefnumótun í málaflöknum. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-10 Deildarstjóri 1 – í félagsþjónustu, skólaþjónustu, málefnum aldraðra, fatlaðra eða barnavernd (803 stig)**

**Fræðagarður, Þroskaþjálfafélag Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi framhaldsmenntun á háskólastigi auk viðamikillar stjórnunarreynslu og/eða viðbótarnáms í stjórnun og rekstri. Starfið felur í sér stjórnun deildar/málaflöks og felur það í sér mannaforráð, ábyrgð á fjármunum og þjónustu sveitarfélags. Starfið felur í sér mjög mikil bein áhrif á velferð einstaklinga og/eða hópa innan sveitarfélags og aðkomu að stefnumótun í velferðarmálum. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-16 Umsjónarþroskaþjálfari (774 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi starfsréttindi sem þroskaþjálfari, framhaldsmenntun á háskólastigi og viðamikla stjórnunar og/eða rekstrarreynslu, ásamt reynslu af félagsþjónustu, þroskaþjálfun, barnavernd og/eða framfærslumálum. Starfið felur í sér umsjón og ábyrgð á verkefnum tengdum félagsþjónustu, mannaforráð ásamt mikilli ábyrgð á velliðan og velferð einstaklinga og/eða hópa. Starfsmaður hefur aðkomu að stefnumótun í velferðarmálum. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-21 Forstöðuþroskaþjálfari 1 í búsetu eða dagþjónustu (730 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði heilbrigðis- og/eða félagsvísinda auk framhaldsmenntunar á háskólastigi eða viðtækrar stjórnunarreynslu. Starfið felur í sér yfirumsjón með búsetu- eða dagþjónustu, ábyrgð á fjármunum og mannaforráð. Starfinu fylgir ábyrgð á velferð fólks, vegna þeirrar þjónustu sem veitt er. Starfsmaður kemur að stefnumótun sem varðar velferðarúrræði sveitarfélagsins. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-22 Forstöðuþroskaþjálfi 2 í búsetuþjónustu (756 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði heilbrigðis- og/eða félagsvísinda auk framhaldsmenntunar á háskólastigi eða viðtækrar stjórnunarreynslu. Starfið felur í sér yfirumsjón með tveimur eða fleiri starfseiningum í búsetu- og/eða dagþjónustu, ábyrgð á fjármunum og mikil mannaforráð. Starfinu fylgir ábyrgð á velferð einstaklinga vegna þeirrar þjónustu sem veitt er. Starfsmaður kemur að stefnumótun sem varðar velferðarúrræði sveitarfélagsins. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-32 Ráðgjafarþroskaþjálfi (691 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi lokið háskólamenntun í þroskaþjálfun auk meistaraþráðu eða viðtæka reynslu af stjórnun og rekstri. Starfið felur í sér ábyrgð á verkefnum sem tengjast velferðarúrræðum. Starfsmaður greinir og metur þjónustuþörf og veitir ráðgjöf um viðeigandi þjónustu. Starfsmaður er með viðvarandi verkefnastjórnun starfsmanna og hefur aðkomu að stefnumótun innan málaflokksins. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-40 Verkefnastjóri 3 – mannauðsmál og/eða fræðslumál (601 stig)**

**Iðjuþjálfafélag Íslands, Fræðagarður, Félag íslenskra náttúrufræðinga og**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun sem nýtist í starfi. Starfið felur í sér verkefni sem tengjast mannauðsstjórnun, fræðslumálum, ráðgjöf og verkefnastjórnun, og gerðar eru kröfur um sérstaka færni í þjálfun og fræðslu, námskeiðahaldi og hvatningu til annarra starfsmanna. Formleg ráðgjöf vegna starfsmannamála er veigamikill þáttur í starfi. Starfið felur í sér að verkstýra og útdeila verkefnum til annarra starfsmanna, ásamt þátttöku í stefnumótun í mannauðsmálum stofnunar/sveitarfélags.

**BHM-42 Verkefnastjóri með sértæka ábyrgð – í virkni-, mennta- eða velferðarúrræðum (681 stig)**

**Fræðagarður, Félagsráðgjafafélag Íslands, Félag íslenskra félagsvísindamanna og**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi framhaldsháskólapróf á heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísindasviði. Starfið felur í sér viðvarandi verkefnastjórnun, og verkefni sem tengjast ráðgjöf, greiningu og meðferð einstaklinga og/eða hópa í skólakerfinu / í virkni- og eða velferðarúrræðum. Starfsmaður ber ábyrgð á að meta þjónustuþörf og skipuleggja velferðarúrræði sem hafa áhrif á vellíðan og velferð einstaklinga eða hópa. Einnig hefur starfsmaður aðkomu að stefnumótun innan málaflokksins.

**BHM-53 Þroskaþjálfi í málefnum fatlaðra (586 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og starfsleyfi til að starfa sem slíkur. Starfið felur í sér samskipti við notendur þjónustu sem geta verið með krefjandi þarfir og þarfnast umönnunar og/eða þjálfunar frá starfsmanni. Starfsmaður veitir persónulegan stuðning og aðstoð við athafnir daglegs lífs og hefur áhrif á þau velferðarúrræði sem í boði eru, s.s. mat á þörf fyrir hjálpartæki o.fl. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-54 Þroskaþjálfi í leik- og grunnskóla (602 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og starfsleyfi til að vinna sem slíkur. Starfið felur í sér ábyrgð á velferð barna. Starfsmaður vinnur að greiningum á nemendum og vinnur einstaklings- og hópáætlanir. Í starfinu felst reglulegt líkamlegt erfiði t.d. þegar starfsmaður vinnur með nemanda í sjálfskaðandi hegðun.

**BHM-55 Forstöðuþroskaþjálfi í frístund/lengdri viðveru (677 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og starfsleyfi til að starfa sem slíkur. Starfið felur í sér ábyrgð á starfseiningu og hafa umsjón með félagsstarfi/frístund eða lengdri viðveru. Starfið felur í sér mannaforráð, ábyrgð á fjármunum og velferð einstaklinga. Starfsmaður kemur að stefnumótun sem varðar velferðarúrræðið. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-56 Yfirþroskaþjálfi í leik-/grunnskóla (631 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og starfsleyfi til að starfa sem slíkur. Einnig eru gerðar kröfur um reynslu af starfi með börnum og unglingum. Starfið felur í sér vinnu með nemendum sem búa við margvísleg fjölþætt vandamál og starfsmaður vinnur að lausnum á þeirra málum sem hefur mikil áhrif á velferð þeirra. Starfið felur einnig í sér viðvarandi verkstjórnun, leiðsögn til annarra starfsmanna og eftirlit með vinnu annarra.

**BHM-61 Yfirþroskaþjálfi í málefnum fatlaðra (641 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar eða á öðru viðurkenndu fagsviði sem nýtist í starfi og starfsleyfi þar sem það á við. Starfið felur í sér vinnu með notendum þjónustu sem búa við fjölþætt vandamál t.d. líkamlegar og/eða andlegar fatlanir og fíknivanda. Starfinu fylgir ábyrgð á velferð fólks, mannaforráð og ábyrgð á upplýsingum. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-82 Deildarstjóri sérdeildar (641 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar eða á öðru viðurkenndu fagsviði sem nýtist í starfi og að hafa starfsleyfi þar sem það á við. Einnig eru gerðar kröfur um reynslu af vinnu með einstaklingum með margvíslegar fatlanir. Starfið felur í sér persónulega þjónustu við nemendur með krefjandi þarfir vegna fötlunar sinnar og starfsmaður hefur áhrif á þau velferðarúrræði sem valin eru. Starfið felur í sér talsverða verkstjórn, leiðsögn, samhæfingu og þjálfun annarra starfsmanna. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-85 Ráðgjafi í málefnum fatlaðs fólks (688 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands og Starfsmannafélag Kópavogs**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi starfsréttindi í þroskaþjálfun auk mikillar starfs og stjórnunarreynslu eða starfsréttindi í félagsráðgjöf. Starfið felur í sér viðvarandi verkefnastjórnun, ábyrgð á fjölskyldu- eða einstaklingsmálum og starfsmaður er tengiliður við forstöðumenn starfstöðva. Starfsmaður annast móttöku og úrvinnslu umsókna um þjónustu og metur þjónustubröf. Starfsmaður tekur þátt í stefnumótun, þróun, og nýsköpun í málaflöknum. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-87 Ráðgjafi í barnavernd (698 stig)**

**Fræðagarður, Félag íslenskra félagsvísindamanna, Þroskaþjálfafélag Íslands og Iðjuþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi lokið framhalds háskólamenntun á sviði félags-, mennta og eða/heilbrigðisvísinda s.s. uppeldis-, sál- og/eða félagsfræði auk reynslu af barnaverndarmálum. Starfið felur í sér ábyrgð á verkefnum sem eru t.d. barnaverndarmál, flókin fjölskyldumál og mál hælisleitenda. Starfsmaður greinir og metur flóknar þarfir skjólstæðinga, skipuleggur þjónustuna og samhæfir hana. Starfið felur í sér talsverða beina ábyrgð á málastjórn, leiðsögn, samræmingu og þjálfun til annarra starfsmanna. Starfinu fylgir reglulega mjög mikið tilfinningalegt álag.

**BHM-89 Þroskaþjálfari í málefnum fatlaðra á öryggisheimili (596 stig)**

**Þroskaþjálfafélag Íslands**

Gerð er krafa um að starfsmaður hafi háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og starfsleyfi til að starfa sem slíkur. Starfið felur í sér að starfsmaður þarf að hafa afar mikilla færni á sviði umönnunar, fræðslu og ráðgjafar. Starfsmaður vinnur greiningar, einstaklings- og hópáætlanir fyrir íbúa. Starfsmaður sinnir íbúum sem þurfa aðstoð við athafnir daglegs lífs og geta þeir verið mjög ógnandi og sýnt af sér andfélagslega hegðun. Starfsmaður þarf að vinna við aðstæður sem teljast mjög óþægilegar, ógeðfelldar eða hættulegar stóran hluta vinnutímans. Starfinu fylgir stundum mjög mikið tilfinningalegt álag.